



# LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5b • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Alþingi  
Erindi nr. P 133/783  
komudagur 2.2.2002

Reykjavík, 30. janúar 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Lögregluskóli ríkisins vísar til bréfs samgöngunefndar, dags. 17. janúar sl. þar sem skólanum er boðið að gefa umsögn um frumvarp til umferðarlaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi, 388. mál, ökuskírteini, hert viðurlög.

Lögregluskóli ríkisins, hér eftir nefndur Lögregluskólinn, lýsir ánægju sinni með þá hugsun sem birtist í frumvarpinu og styður það í meginatriðum. Hér á eftir birtist umsögn skólans.

Um 1. gr.

Lögregluskólinn styður efni greinarinnar og telur að þessi breyting geti ekki annað en orðið til góðs, takist framkvæmd hennar vel. Takmarkanir á heimild ungmenna til að stjórna tilteknum ökutækjum og að takmarka tíma sólarhrings sem ungir óreyndir ökumenn mega aka er líkleg til að draga úr slyshættu þessa aldurshóps sem sannanlega er í mestri hættu allra að lenda í og valda slysum. Má hér taka undir það sem segir í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU) um banaslys í umferðinni árið 2004 en þá gerði nefndin það að tillögu sinni að takmarka ökuréttindi ungra ökumanna fyrstu árin enn frekar, t.a.m. með banni við akstri með jafnaldra farþega ökumanna 17-19 ára, bann við akstri að næturlagi nema í og úr vinnu og takmörkun á ökuréttindum miðað við rúmtak véla. Lögregluskólinn tekur heils hugar undir þessi sjónarmið en hvetur til að tryggt verði að allar aðrar lagaheimildir verða að vinna með umferðarlögunum. Styðjast má við reynslu af sambærilegum ákvæðum í sumum ríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku og viðlíka ákvæðum hjá nágrannaríkjum okkar, a.m.k. Noregi.

Vakin er athygli á að það kann að vera ástæða að skoða ökuferil ökumanna heildstætt við endurnýjun bráðabirgðaskírteina frekar en miða eingöngu við punkta eða sviptingu ökuréttinda, sbr. b. lið 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Eins og staðið er að málum nú eru ekki öll hættubrot virt til ökuferilspunkta. Eðlilegt kann að vera að yfirfara ökuferilsskrá ökumanna við endurnýjun skírteinanna til að rannsaka hvernig þeir hafa staðið sig m.t.t. umferðaröryggis og að ítrekuð brot, þótt þau valdi ekki punktum, geti haft áhrif á framtíðarökuréttindi.

Um 2. gr.

Lögregluskólinn styður ákvæðið og það aðhald sem það getur skapað.

Um 3. gr.

Spurning er hvort umræddar reglur eigi einnig að ná til eftirlits með því að þeim sé framfylgt?

Um 4. gr.

Lögregluskólinn telur þessa lagabreytingu geta stuðlað að auknu umferðaröryggi og meiri aga hjá öikumönnum. Orðalag eins og „hærri en ella” og einnig „mun hærra en ella” eru matskennd viðmið og spurning er hvort það er nægilega skýr lagatexti. Við ákvörðun sekta kann að vera rétt að fara að dæmi nágrannalanda okkar og tekjutengja sektir vegna tiltekinna hættubrota. Sjálfsagt væri að hafa undanþágur í lögunum sem ættu við þá sem minnst mega sín en reynslan sýnir að þeir sem þannig háttar til um eru sjaldan valdir að alvarlegum slysum þar sem hættubrot eru meginorsök og eru trúlega ekki oft kærðir fyrir slík brot. Fremur á það sennilega við um öikumenn, ekki síst unga öikumenn, sem aka á dýrum og kraftmiklum bílum.

Um 5. gr.

Ákvæðið er þarft nýmæli. Í athugasemdum með greininni er minnst á götur þar sem hraðamörk eru lág, t.d. 30 km á klst. og um mat á því hvort aðstæður leyfa eða leyfa ekki hraðakstur. Bent er á að ökumaður sem ekur í vistgötu (hámarkshraði 15 km á klst.) fremur alvarlegt hættubrot ef hann ekur þar á 30 km. hraða. Samkvæmt skýringu í athugasemd virðist sem það skipti máli hvernig veghaldari kys að gera göturnar úr garði en slíkt ákvæði kann að orka tvímælis.

Um 6. gr.

Hér er að danskri fyrirmynd mælt fyrir um nýtt hugtak, akstursbann sem ætlað er að veita byrjendum í umferðinni aðhald er við á. Kemur það til með að vera viðbót við önnur refsikennd viðurlögum sem heimild er fyrir í lögunum.

Ekki er gerð athugasemd við þetta nýja ákvæði sem kann að verða árangursríkt en spyrja má hvort ekki sé nægilegt að nýta fyrirliggjandi heimildir eins og þær hafa þróast.


7. gr.

Lögregluskólinn gerir engar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins enda er þá gengið út frá því að ákvæðið gangi ekki á svig við eignarréttarákvæði Stjórnarskrárinnar. Ákvæðið, verði það að lögum, mun örugglega vekja öikumenn til umhugsunar og einnig þann sem lánar ökutæki sitt.

F.h. Lögregluskóla ríkisins



Arnar Guðmundsson, skólastjóri



Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn og sérfræðingur í umferðamálum